



Fundargerð 6. stjórnarfundar - drög starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 12. ágúst í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Sigurður Ingvarsson, Benóný Jónsson, Felix Sigurðsson, Birgir Guðjónsson og Jónas Egilsson.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Fjárhagsmál.
 - 2.1. Drög að uppgjöri vegna þátttöku í mótum erlendis og vegna frjálsíþróttablaðsins. Heildarkostnaður vegna móta erlendis er kominn í u.þ.b. 11 m.kr. Á móti koma styrkir og endurgreiðslur. Til að standa straum af þessum mótum vantar um 2,7M. Blaðið: Áætluð afkoma af blaðinu er u.þ.b. 7-800 þús. kr. Rætt var um form blaðsins og að setja ætti það á vefsíðu sambandsins.
 - 2.2. Fjárhagsstaðan og fjáröflunarpörf. – Eins og fram kom í bréfi frá formanni sambandsins vantar u.þ.b. 2,5 m.kr. til þess að það verði rekið án skuldaukningar á árinu. Langtímaskuldir eru til viðbótar. Rætt um leiðir til að virkja hreyfinguna í fjáröflunarátaki fyrir sambandið.
 - 2.3. Samstarf við RUV. Enn vantar auglýsendur fyrir Demantamótaröðina.
 - 2.4. Uppgjör vegna RIG 2010. Tap var á leikunum í ár, en endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir. Þar sem félögin í Reykjavík hafa notið rekstrarafgangs tvö undanfarin ár af þessum mótum, er eðlilegt að þau leysi málið gagnvart ÍBR vegna kostnaðar við sjónvarpsútsendingar af mótinu. Til framtíðar þarf að leysa ýmis tæknimál s.s. þjófstartbúnað og skjá/skilti/töflu. Rætt var um að sækja um viðurkenningu EAA á mótinu.
3. Íþróttá- og mótamál.
 - 3.1. Bikarkeppni FRÍ 1. deild verður á Sauðárkróki. Formaður og framkvæmdastjóri verða viðstaddir mótið. Rætt um stöðu bikarkeppninnar nú og fyrr og leiðir til að fjölga þáttökuliðum.
 - 3.2. Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri. Ákveðið að halda mótið á sunnudeginum 22. ágúst, en umræður voru innan hreyfingarinnar um að hafa keppnina á laugardegi.
 - 3.3. NM unglunga á Akureyri. Undirbúningur gengur samkvæmt áætlun. Íslenska liðið verður valið eftir Bikarkeppnina.
 - 3.4. NM 21 ára og yngri. Nokkur félög hafa sýnt áhuga á að senda keppendur og munu standa straum af kostnaði sjálf þar sem sambandið hefur ekki efni á því að gera það.
 - 3.5. Umsókn um Evrópubikar (European Team Championships) 2011. Umsókn var lögð inn. Niðurstöðu er að vænta í seinni hluta mánaðarins.
 - 3.6. Fyrrí mót sumarsins, undirbúningur o.fl. Rætt um þátttöku okkar í alþjóðlegum mótum, undirbúningur o.fl. Evrópubikar, HM í Kanada og EM á Spáni. Betri árangur og aukinn fjöldi afreksfólks kallar á bættan aðbúnað og meiri kostnað, auk aukinna krafna um betri stuðning við keppendur. Boðaðar verða breyttar vinnureglur varðandi það hvort keppendur eru tilbúnir til keppni. Fundarmenn sammála um að vanda ákvörðunartöku vegna þátttöku betur.



4. Siðareglur FRÍ. Athugasemdir bárust frá tveimur aðilum við útsend drög. Þau verða birt sambandsaðilum. Þá verða ákvæði um mögulegar refsingar og aðgerðir vegna brota rædd síðar.
5. Ýmis mál.
 - 5.1. Ósk um keppnisrétt á Íslandi. Bréf barst frá Freddy Mayola, sem er frá Kúbu, en búsettur á Spáni, um keppnisrétt á Íslandi. Einnig nefndi hann mögulega fjóra aðra keppendur. Ekki er hægt að verða við þessu erindi þar sem viðkomandi einstaklingar eru búsettir utan landsins og með vegabréf frá landi utan Evrópu.
 - 5.2. Fundir í Barcelona. Fundur á vegum Norrænu sambandanna var haldinn í Barcelona ásamt Norðvesturríkjum Evrópu, en Ísland leiðir þetta samstarf í ár. Formaður norska sambandsins og varaformaður Evrópusambandsins, Svein Arne Hansen hefur lýst yfir framboði sínu til formanns EAA. Einnig stefnir í kosningu um formann IAAF, en þing þessara sambanda verða á næsta ári.
 - 5.3. Fræðslufundur með fulltrúa frá Frjálsíþróttasambandi Evrópu. Formaður greindi frá því að unnið sé að því að fá fulltrúa EAA í heimsókn til landsins.
 - 5.4. Hlutverk kynnis á mótum o.fl. sbr. erindi frá Gunnlaugi Júlíussyni þar að lútandi. Þessum málum er vísað til mótanefndar og mannvirkjanefndar sambandsins.
 - 5.5. Haustfundur (Mótapiing) EAA o.fl. fundir, í Belgrad 14.-16. okt. nk. Ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri fari á þessa fundi.
 - 5.6. Tímasetning Mótapiings FRÍ. Rætt um að þingið verði haldið í nóvember nk. og að þar verði afgreidd mál skv. ákvörðun síðasta FRÍ-þings sem og umræður um stefnu sambandsins.
6. Næsti fundur ákveðinn 16. september nk. kl. 17.00.
7. Önnur mál.
 - 7.1. Rætt var um kosningu frjálsíþróttamanns og konu mánaðarins, auglýsingar og tekjur íþróttamanna og kostnað vegna þeirra o.fl.
 - 7.2. Lagt til að farið verði fljótlega í fjárhags- og fjáröflunaráætlanagerð fyrir næsta ár og framkvæmd og sundurliðun skoðuð betur.
 - 7.3. Rætt um að sækja um viðbótarstyrki til EAA og IAAF þar sem kostnaður okkar vegna þátttöku á mótum erlendis er meiri vegna fjarlægðar.
 - 7.4. Rætt um eflingu greina sem hafa fáa iðkendur (dæmi 3000 hindrun o.s. frv.)

Sigurður Ingvarsson,

Jónas Egilsson.